

Samhliða doktorsnám og kandídatsnám í læknisfræði

Hægt er að stunda doktorsnám samhliða námi til kandídatsprófs að loknu BS-prófi í læknisfræði.

Markmið námsins er að veita nemendum í læknisfræði þjálfun í vísindahugsun og rannsóknavinnu þannig að þeir geti að námi loknu unnið að krefjandi vísindaverkefnum samhliða læknisstörfum og stuðlað að frekari framþróun læknávisinda.

Nemandi er skráður í báðar námsleiðir og þarf að ljúka öllum skyldunámskeiðum beggja námsleiða. Í heildina er námstími að jafnaði sex ár og ekki skemmri en fimm og hálf ár. Í upphafi námsins vinnur nemandi samhliða að námskeiðum í kandídatsnámi, námskeiðum í doktorsnámi og að undirbúningi rannsóknarverkefnis. Æskilegt er að nemandi vinni samfellt í fullri vinnu að rannsóknarverkefninu í a.m.k. eitt ár áður en hann lýkur kandídatsprófi. Nemandi skal hafa lokið kandídatsprófi áður en til doktorsvarnar kemur.

Tillaga að samsetningu námsins:

Fyrsta ár

Öll skyldunámskeið fyrsta árs í kandídatsnámi

Almenn aðferðafræði í rannsóknum fyrir meistara- og doktorsnema (LÆK106*F, a.m.k. 2 hlutar)

Undirbúningur rannsóknarverkefnis

Annað/Þriðja ár

Verkefni til doktorsprófs (LÆK566L) - 1 ár

Öll skyldunámskeið annars árs í kandídatsnámi

Siðfræði rannsókna (HSP073F)

Tölfræðinámskeið (t.d. Líftölfræði II (LÝÐ301F) eða Lifunargreining (LÝÐ079F))

Fjórtá/Fimmta ár

Verkefni til doktorsprófs (LÆK566L) – 1 ár

Öll skyldunámskeið þriðja árs í kandídatsnámi

Kandídatspróf

Sjötta ár

Verkefni til doktorsprófs (LÆK566L) – 1 ár

Doktorsvörn